

## GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit  
á svæði heilbrigðiseftirlits Austurlands.

### 1. gr.

#### Gildissvið.

Gjaldskrá þessi fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit gildir á svæði heilbrigðiseftirlits Austurlands samkvæmt 6. mgr. 6. gr. laga nr. 81/1988. Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæðinu er sveitarstjórnnum heimilt, samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit að innheimta árleg eftirlitsgjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit í samræmi við heilbrigðisreglugerð og mengunarvarnareglugerð.

### 2. gr.

#### Flokkun.

Eftirlitsskyldum aðilum skv. heilbrigðisreglugerð sem taldir eru upp í 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölulið 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, skal skipt í þrjú flokka eftir eðli og áhættu starfseminnar í samræmi við fylgiskjal 1.

Eftirlitsskyldum aðilum skv. mengunarvarnareglugerð, sbr. 3. gr. laga nr. 81/1988, skal skipt í fimm flokka eftir eðli og áhættu starfseminnar í samræmi við fylgiskjal nr. 2 og viðauka 8 og 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 ásamt síðari breytingum.

Í fylgiskjöllum númer 1 og 2 er hverjum flokki skipt í fimm þrep eftir umfangi starfseminnar.

### 3. gr.

#### Eftirlitsgjöld.

Eftirlitsgjald hvers aðila er reiknað út frá grunngjaldinu kr 1.200. Upphæð eftirlitsgjalds miðast við að það standi undir kostnaði sem heilbrigðiseftirlitið hefur af reglubundnu eftirliti hjá viðkomandi aðila. Eftirlitsgjald er ávallt tiltekið margfeldi af grunngjaldi samkvæmt reglum í fylgiskjöllum nr. 1 og 2 og er sem hér segir:

#### Fyrirtæki flokkuð samkvæmt fylgiskjali 1:

Umfang /Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Flokkur 1	6.000	18.000	36.000	54.000	90.000
Flokkur 2	6.000	12.000	18.000	36.000	54.000
Flokkur 3	6.000	12.000	18.000	24.000	30.000

#### Fyrirtæki flokkuð samkvæmt fylgiskjali 2:

Umfang /Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Flokkur 1	24.000	48.000	72.000	96.000	120.000
Flokkur 2	12.000	24.000	36.000	48.000	60.000
Flokkur 3	12.000	24.000	36.000	48.000	60.000
Flokkur 4	6.000	18.000	30.000	42.000	54.000
Flokkur 5	6.000	12.000	18.000	24.000	30.000

Heimilt er að lækka eftirlitsgjöld sé um að ræða starfsemi sem hefur sérstakt innra eftirlit og hlotið hefur samþykki heilbrigðiseftirlitsins.

Aðilar sem hefja rekstur fyrir 1. júlí greiða fullt eftirlitsgjald á því ári. Aðilar sem hefja rekstur síðar á árinu greiða hálf gjald á því ári.

Sé um að ræða fjölþætta starfsemi sama aðila skal einungis innheimt eitt gjald, það hæsta í viðkomandi tilviki, enda fari starfsemin fram á sömu starfsstöð eða lögbýli og um náskylda starfsemi sé að ræða.

4. gr.

#### **Starfsleyfisgjöld.**

Þegar gefin eru út ný starfsleyfi vegna eftirlitsskyldra fyrirtækja er heimilt að taka gjald sem nemur hálfu eftirlitsgjaldi, sbr. fylgiskjöl nr. 1 og 2.

Sé um endurnýjun leyfis að ræða og/eða breytingar á rekstri eða húsakynnum, er heimilt að innheimta hálf starfsleyfisgjald. Ef heilbrigðisfulltrúi metur breytingarnar smávægilegar er heimilt að fella gjaldið niður.

5. gr.

#### **Gjöld fyrir vottorð.**

Fyrir hvert umbeðið vottorð sem heilbrigðisfulltrúi gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum eða skoðun er heimilt að innheimta kr. 5.000.

6. gr.

#### **Útseld þjónusta.**

Ef verkefni eru umfram reglubundið eftirlit er heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra. Sama gildir um önnur þjónustuverkefni og útselda vinnu. Tímakaup í útseldri vinnu er kr. 3.500.

7. gr.

#### **Innheimta gjalda.**

Heilbrigðisfulltrúar semja fyrir hönd svæðisnefndar skrá yfir eftirlitsskylda aðila á starfs-svæðum sínum, samkvæmt fyrrgreindum fylgiskjöllum. Listi með nöfnum aðila ásamt flokkun þeirra samkvæmt ofangreindu skal afhentur hlutaðeigandi sveitarfélögum fyrir 1. febrúar ár hvert.

Sveitarfélög innheimta eftirlitsgjöld á eigin ábyrgð og kostnað. Gjöld þessi skulu ganga til greiðslu á kostnaði vegna heilbrigðiseftirlits. Heimilt er að fela starfsfólki heilbrigðiseftirlitsins að innheimta gjöld fyrir vottorð og útselda vinnu, sbr. 4. og 5. gr.

8. gr.

#### **Gjalddagi.**

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

9. gr.

#### **Gildistaka.**

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af sveitarfélögum á svæði heilbrigðiseftirlits Austurlands, sbr. 5. gr., 6. mgr. 6. gr. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 484/1989 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Austurlandssvæði.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. maí 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## Fylgiskjal 1

**Flokkun fyrirtækja, sem eru eftirlitsskyld skv. heilbrigðisreglugerð eftir eðli, áhættu og umfangi**

### *Flokkur 1*

Fyrirtæki, einnig baðstaðir, sem selja, geyma, dreifa, framleiða eða meðhöndla kælivöru eða aðra óvarða neysluvöru.

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	5x	15x	30x	45x	75x

#### *A Þjónusta*

1. Gististaðir með matsölu
2. Veitingahús
3. Fangageymslur / gæsluvarðhald / afplánun
4. Mötuneyti
5. Dvalarheimili
6. Hjúkrunarheimili
7. Sumarbúðir

#### 7. Salatgerð

8. Reykhús og reykkofar
9. Veitingaverslun
10. Pizzugerð

#### *C Verslun*

1. Neysluvörusala
2. Matsöluvagnar
3. Skíðaskálar með matsölu

Þó ekki lægra en 10 grunngjöld ef seldur er ís úr vél.

#### *B Framleiðsla*

1. Fiskvinnsluhús, fyrir innanlandsmarkað
2. Smurbrauðsstofur
3. Kjötvinnslur
4. Ísgerðir
5. Mjólkurstöðvar
6. Smjörlikisgerðir

#### *D Líkams- og heilsurækt*

1. Sundlaugar

Við eftirlitsgjald skv. flokkun bætist sexfalt grunn-gjald við fyrir hverja laug og hvern heitan pott.

#### *E Annar sambærilegur rekstur*

**Flokkur 2**

Fyrirtæki sem geyma, selja, framleiða eða dreifa hráefnum og pakkaðri vöru, annarri en kælivöru

Umfang /Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	5x	10x	15x	30x	45x

<p><b>A Sölustarfsemi</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Torgsala</li> <li>2. Neysluvörusala, einföld</li> <li>3. Sala efna til matargerðar</li> <li>4. Heildverslun</li> <li>5. Apótek</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>2. Kaffibrensla</li> <li>3. Sælgætisiðnaður</li> <li>4. Sultu- og efnagerð</li> <li>5. Brauðgerð</li> <li>6. Gos- og drykkjavöruframleiðsla</li> <li>7. Kartöflufframleiðsla</li> <li>8. Kryddgerð</li> <li>9. Vinnsla náttúruafurða</li> <li>10. Áfengisframleiðsla</li> <li>11. Vinnsla, flokkun, þökkun og geymsla garð-ávaxta</li> </ol>
<p><b>B Geymsla o.fl.</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Vörugeymslur, allar nema kæligeymslur</li> <li>2. Frystigeymslur</li> <li>3. Flutningsaðilar og -tæki</li> </ol>	
<p><b>C Framleiðsla, ýmis</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Neysluvöruiðnaður</li> </ol>	<p><b>D Annar rekstur sambærilegur</b></p>

**Flokkur 3**

Fyrirtæki sem bjóða dvöl eða persónulega þjónustu og annar sambærilegur rekstur sem ekki fellur í aðra gjaldflokka

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	5x	10x	15x	20x	25x

<p><b>A Snyrti- og læknaðstofur</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Læknaðstofur</li> <li>2. Tannlæknaðstofur</li> <li>3. Sjúkraþjálfun</li> <li>4. Ljósastofur</li> <li>5. Hársnyrting</li> <li>6. Ýmsar snyrtistofur og- verslun</li> <li>7. Nuddstofur</li> <li>8. Heilsugæsla / sjúkrhús</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>2. Dagheimili, án mótuneyta</li> <li>3. Kvikmyndahús</li> <li>4. Samkomusalir</li> <li>5. Kirkjur og safnaðarheimili</li> <li>6. Biðstöðvar</li> <li>7. Fangageymslur, án mótuneyta</li> <li>8. Félagshemili, sem ekki eru með samfelldan veitingarekstur</li> </ol>
<p><b>B Líkams- og heilsuræktarstöðvar</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Gufubaðstofur</li> <li>2. Heilsuræktarstöðvar</li> <li>3. Íþróttasalir / íþróttahús</li> <li>4. Íþróttavellir með búningsaðstöðu</li> </ol>	<p><b>E Tómsundastarfsemi</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Leiktækjasalir</li> <li>2. Knattborðsstofur</li> <li>3. Tómsundamiðstöðvar</li> </ol>
<p><b>C Tjald-, útivistar- og gistipjónusta</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Tjaldsvæði, með hreinlætisaðstöðu</li> <li>2. Skíðasvæði, með aðstöðu fyrir almenning</li> <li>3. Skíðaskálar</li> <li>4. Fjallaskálar</li> <li>5. Sumarhús, án matsölu</li> <li>6. Vegahótel, án matsölu</li> <li>7. Útivistarsvæði</li> <li>8. Orlofsheimili</li> </ol>	<p><b>F Ýmislegt</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Bensínstöðvar, án neysluvara, með eiturog hættuleg efni</li> <li>2. Blómaverslanir</li> <li>3. Leikfangaverslanir</li> <li>4. Framleiðsla hreinlætisvara</li> <li>5. Sala á hjúkrunarvörum</li> <li>6. Almenn samgöngutæki</li> <li>7. Véla- og varahlutaverslanir</li> <li>8. Málningar- og byggingavöruverslanir</li> <li>9. Búsáhalda-verslanir</li> </ol>
<p><b>D Skólar, dagheimili, leiksvæði, kirkjur og samkomuhús G</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Skólar, án mótuneyta</li> </ol>	<p><b>Annar sambærilegur rekstur</b></p>

**Fylgiskjal 2****Flokkun fyrirtækja sem eru undir eftirliti heilbrigðisnefndar skv. mengunarvarnareglugerð eftir eðli, áhættu og umfangi***Flokkur 1*

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	20x	40x	60x	80x	100x

*Flokkur 2*

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	10x	20x	30x	40x	50x

1. Skólphreinsistöðvar
2. Annar sambærilegur rekstur

*Flokkur 3*

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	10x	20x	30x	40x	50x

- A Vinnsla úr járni og öðrum málmum*
1. Yfirborðsmeðhöndlun á járni, stáli og öðrum málmum
- B Vinnsla og úrvinnsla á efnum úr jurta- og dýraríkinu*
1. Ullarþvottastöðvar
  2. Fituherslur
  3. Lifrarbræðslur
  4. Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi
- C Búfjár- og dýrahald*
1. Seiðaeldisstöðvar með meira en 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn
- D Starfsemi sem snertir vélknúin farartæki*
1. Gasbirgðastöðvar með meira en 100 m<sup>3</sup> geymslurými (STP)
  2. Bensinstöðvar
- E Ýmislegt*
1. Saltvinnsla úr sjó
- F Annar sambærilegur rekstur*

*Flokkur 4*

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	5x	15x	25x	35x	45x

*A Vinnsla úr járni og öðrum málum*

1. Stálsmiði og stálskipagerð
2. Málmsteypur

*B Efnaiðnaður*

1. Hreinlætisvöruverksmiðjur
2. Plastframleiðsla
3. Efnalaugar
4. Framköllun á ljósmyndum og kvikmyndum
5. Prentiðnaður

*C Vinnsla og úrvinnsla á efnum úr jurta- og dýraríkinu*

1. Litun og bleiking

*D Matvælavinnsla*

1. Sláturhús
2. Reykhús og reykofnar
3. Mjólkurstöðvar
4. Heitloftspurrkun fiskafurða

*E Starfsemi er snertir vélknúin ökutæki*

1. Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu
2. Flugvellir og flugbrautir
3. Ryðvarnarverkstæði og smurstöðvar
4. Bílaþvottastöðvar

*F Ýmislegt*

1. Seiðaðisstöðvar með minna en 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn
2. Fiskeldisstöðvar með ársframleiðslu undir 200 tonnum og fráveitu til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er undir 20 tonnum og fráveita í ferskvatn.

*G Annar sambærilegur rekstur**Flokkur 5*

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	5x	10x	15x	20x	25x

*A Vinnsla úr járni og öðrum málum*

1. Völsunar-, víra- og stangaverksmiðjur
2. Nagla- og skrúfufframleiðsla
3. Vélaframleiðsla
4. Blikksmiðjur
5. Vinnsla á málum í raftækniðnaði, t.d. rafgeymaverksmiðjur og verkstæði

*B Vinnsla og úrvinnsla á kalki, leir, steinum og sambærilegum jarðefnum*

1. Steinmölun og framleiðsla á ofaníbúði og fyllingarefnum
2. Steinsmiði
3. Steypustöðvar og steypueiningarverksmiðjur
4. Leirmunaverkstæði

*C Efnaiðnaður*

1. Fyrirtæki sem geyma klórgas
2. Lakkspautun
3. Lyfja- og snyrtivöruframleiðsla
4. Átöppun og þökkun ýmissa efnasambanda
5. Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum í matvælaíðnaði

*D Vinnsla og úrvinnsla á efnum úr jurta- og dýraríkinu*

1. Fóðurstöðvar
2. Fóðurlöndun
3. Gúmmívinnsla
4. Trésmíðaverkstæði
5. Sögunarmyllur
6. Fúavörn á timbri
7. Framleiðsla á spónaplötum og þess háttar
8. Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla
9. Leðurvinnsla
10. Vefnaðar- og spunaverksmiðjur

*E Matvælavinnsla*

1. Kjötvinnsla
2. Niðursuðuverksmiðjur
3. Vinnsla fisks og annarra sjávarafurða
4. Framleiðsla tilbúinna rétta
5. Framleiðsla mjólkurdufts
6. Öl-, gos- og svaldrykkjagerðir
7. Kaffibrennsla
8. Smjörlíkisgerðir
9. Kartöfluvinnsla
10. Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju
11. Lauksteikingarverksmiðjur
12. Mörbræðsla og tólgarframleiðsla
13. Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni
14. Kæli- og frystigeymslur

*F Búfjár- og dýrahald*

1. Minkabú
2. Refabú
3. Hænsna- og kjúklingabú
4. Svínabú
5. Kanínurækt og kanínuhald
6. Hestahald
7. Dýraspítalar
8. Hunda- og kattageymslur
9. Gæludýraverslanir

*G Starfsemi er snertir vélknúin farartæki*

1. Kappaksturs-, æfinga- og kennslubrautir
2. Bifreiða- og vélaverkstæði
3. Smurstöðvar
4. Vöruflutningamiðstöðvar
5. Biðstöðvar leigubifreiða
6. Bið- og endastöðvar strætisvagna

*H Ýmislegt*

1. Stórar spennistöðvar
2. Stórar vörugeymslur
3. Líkbrennslur

4. Skotvellir
5. Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús o.þ.h.
6. Æfingasvæði slökkviliðs
7. Þvottahús
8. Gámastaðir, gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni
9. Endurvinnsla úrgangs
10. Gasbirgðastöðvar
11. Kyndistöðvar

*I Annar sambærilegur rekstur.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingum á skipulagsskrá fyrir  
Námssjóð Lis og Ingvarð Thorsen nr. 244/1978,  
sem staðfest var skipulagsskrá fyrir 29. maí 1978.**

Stjórn Námssjóðs Lis og Ingvarð Thorsen hefur hinn 4. júlí 1995 samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins sem staðfest var 29. maí 1978:

1. gr.

6. gr. orðist svo: Í stjórn sjóðsins skulu vera 3 menn tilnefndir til 2ja ára. Einn tilnefndur af stjórn Upplýsingaþjónustu landbúnaðarins og skal hann vera formaður sjóðsstjórnar, annar tilnefndur af skólástjórum Bændaskólans á Hólum, Bændaskólans á Hvanneyri og Garðyrkjuskóla ríkisins og þriðji tilnefndur af stjórn Búnaðar- og garðyrkjukennarafélags Íslands.

2. gr.

8. gr. orðist svo: Upplýsingaþjónusta landbúnaðarins annast ritara- og skrifstofustörf sjóðsins endurgjaldslaust samkvæmt nánara samkomulagi milli UPL og sjóðsstjórnar.

3. gr.

9. gr. orðist svo: Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum UPL.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Námssjóð Lis og Ingvarð Thorsen staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. maí 1996.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

---

*Fanney Óskarsdóttir.*